

1998 nr. 70 15. júní**Búnaðarlög¹⁾**

¹⁾ Lögum var breytt með l. 102/2016, II. kafla. Breytingarnar taka gildi 1. jan. 2017 skv. 60. gr. s.l.

Tóku gildi 24. júní 1998. Breytt með l. 53/2003 (tóku gildi 7. apríl 2003), l. 79/2004 (tóku gildi 1. jan. 2005), l. 67/2005 (tóku gildi 1. sept. 2005), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), l. 129/2012 (tóku gildi 1. jan. 2013), l. 113/2015 (tóku gildi 1. júlí 2016), l. 60/2016 (tóku gildi 1. júlí 2016 nema 2. og 11. gr. sem tóku gildi 22. júní 2016) og l. 102/2016 (taka gildi 1. jan. 2017).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra** eða **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Almenn ákvæði.**■ 1. gr. Skilgreiningar.**

1. *Jarðabætur* eru hvers konar framkvæmdir og umbætur á jörð sem stuðla að framförum í búrekstri, þar með talin ræktun og aðrar landbætur, endurheimt landgæða og gerð rekstrarbygginga og endurbætur á þeim.

2. *Búfjárrækt* er starfsemi sem með skipulegu kynbóta- starfi og bættri fóðrun stuðlar að framförum í búfjárramleiðslu.

3. *Búfé* er hross, nautgripir, sauðfé, geitur, svín, loðdýr, kanínur og alifuglar, auk þess eldisfiskar og önnur dýr sem haldin eru til nytja. Rísi ágreiningur um hvað falla skuli undir hugtakið búfé sker [ráðherra]¹⁾ úr þeim ágreiningi.

4. *Leiðbeiningarmiðstöð* er miðstöð á vegum [Bændasamtaka Íslands]²⁾ þar sem starfa sérfróðir menn á ýms- um sviðum landbúnaðar við leiðbeiningar og önnur verkefni tengd framkvæmd laga þessara.

5. *Búnaðarfélag* er félag bænda á ákveðnu svæði, óháð þeim búrekstri sem þeir stunda.

6. *Búgreinafélag* er félag bænda á ákveðnu svæði sem stunda sömu búgrein.

7. *Búnaðarsamband* er svæðisbundið samband búnaðar- félaga, búgreinafélaga og/eða einstakra bænda.

8. *Búgreinasamband* er landssamband búgreinafélaga eða einstakra bænda sem stunda sömu búgrein.

9. *Ræktunarstöð* er sæðingarstöð, uppeldisstöð fyrir kyn- bótagripir af innlendum eða erlendum stofni eða stofnvernd- arbu til ræktunar búfjárfstofna vegna sameiginlegs ræktunar- starfs búgreinar.

10. *Fagrád* er nefnd sem mótar stefnu í kynbótum, rann- sóknunum, fræðslumálum og þróunarstarfi búgreinar. Fagrád getur starfað á fagsviði, t.d. hagfræði.

11. [Landsráðunautur eða fagstjóri er ráðunautur sem hef- ur yfirumsjón með leiðbeiningum á sínu sviði á landsvísi.]²⁾

12. ...²⁾

¹⁾ L. 126/2011, 273. gr. ²⁾ L. 129/2012, 1. gr.

■ 2. gr. Markmið laganna.

□ Markmið laganna er að stuðla að framförum í íslenski búvöruframleiðslu og auka samkeppnishæfni landbúnaðar. Fjárframlög ríkisins samkvæmt lögum þessum stuðli að þró- un nýrra framleiðsluhátta og nýrra greina innan landbúnað- arins og í tengslum við hann og miðist við að bændur hér á landi hafi ekki lakari starfskilyrði en almennt gerist í ná- grannalöndunum.

■ 3. gr. Yfirstjórn og fjárframlög ríkisins.

□ [Ráðherra]¹⁾ hefur á hendi yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til. Hann skal gera samning við Bændasamtök Ís- lands til fimm ára í senn um verkefni samkvæmt lögum þess- um og framlög til þeirra þar sem m.a. skal kveðið á um

framlög til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins vegna atvinnu- uppbyggingar í sveitum og verkefna sem stuðla að aukinni framleiðni í íslenskum landbúnaði. Samningurinn skal end- urskoðaður og framlengdur annað hvert ár. Búnaðarþing skal fjalla um samning [ráðherra]¹⁾ og Bændasamtaka Íslands um verkefni og fjármögnun þeirra.

□ Ríkissjóður veitir árlega framlög til verkefna á sviði jarða- bóta, búfjárræktar og leiðbeiningarstarfsemi samkvæmt lög- um þessum, þar á meðal til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins skv. 1. mgr.

□ Bændasamtök Íslands hafa á hendi faglega og fjárhags- lega umsjón þeirra verkefna sem svo er samið um skv. 1. mgr. og fjárveiting heimilar og annast framkvæmd þeirra nema öðruvísi sé um samið eða ákveðið með lögum, enda sé skipu- lag þeirra og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna. Bændasamtök Íslands og önnur samtök sem fara með verk- efni samkvæmt lögum þessum geta tekið gjald fyrir þjónustu sína samkvæmt gjaldskrá sem [ráðherra]¹⁾ staðfestir.

¹⁾ L. 126/2011, 273. gr.

■ 4. gr. Fagrád.

□ Fagrád skulu starfa fyrir hverja búgrein og á einstök- um fagsviðum. Fagrád móta stefnu í kynbótum og þróun- arstarfi viðkomandi búgreinar, skilgreina ræktunarmarkmið og setja reglur um framkvæmd meginþátta ræktunarstarfs- ins. Enn fremur móta þau tillögur um stefnu í fræðslumálum og rannsóknunum búgreinarinnar og fjalla um önnur mál sem vísað er þangað til umsagnar og afgreiðslu. Í fagráðum skulu sitja menn úr hópi starfandi bænda og einn ráðunautur í hlut- aðeigandi búgrein eða fagsviði. Jafnframt skulu sitja í fagrád- um eða starfa með þeim sérfróðir aðilar. Fagrád skulu hljóta staðfestingu [ráðherra]¹⁾ að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands.

¹⁾ L. 126/2011, 273. gr.

■ 5. gr. Um félagsaðild bænda.

□ Hver sá sem stundar búrekstur í atvinnuskyni á rétt á aðild að búnaðarsambandi síns héraðs gegnum búnaðarfélag, bú- greinafélag eða með beinni aðild eftir samþykktum viðkom- andi búnaðarsambands. Sama búnaðarsamband getur náð yfir fleiri héruð og sýslur.

II. kafli. Jarðabætur.**■ 6. gr. Markmið.**

□ Jarðabætur sem hér um ræðir skulu miða að því að bæta aðstöðu til búskapar á viðkomandi býlum og stuðla með því að framförum í landbúnaði og auka samkeppnishæfni hans. Þær skulu auk þess stuðla að sjálfbærri landnýtingu og verndun vistkerfa, taka mið af skuldbindingum Íslendinga um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, markmiðum þjóðar- innar um verndun umhverfis og sjálfbæra þróun og stuðla að framþróun vistrænna og lífrænna búskaparhátta.

■ 7. gr. Framkvæmd.

□ Skilyrði þess að jarðabætur njóti framlags samkvæmt lög- um þessum eru að um þær hafi verið samið eins og lýst er í 3. gr. laga þessara, að um það hafi verið sótt og með því mælt af viðkomandi búnaðarsambandi eða leiðbeiningarmiðstöð. [Ráðherra]¹⁾ setur með reglugerð²⁾ nánari ákvæði um skilyrði fyrir framlögum til jarðabóta, fresti til umsókna og tilhögun greiðslna.

□ Framlög til jarðabóta geta náð til allra jarðeigna þar sem landbúnaður er stundaður, að undanskildum þeim jörðum og jarðarhlutum sem liggja á svæðum sem tekin hafa verið

úr landbúnaðarnotum eða hafa verið skipulögð til annars en landbúnaðar.

¹⁾ L. 126/2011, 273. gr. ²⁾ Rg. 322/1999.

■ **8. gr. Eftirlit.**

□ Búnaðarsambönd eða [leiðbeiningarmiðstöð]¹⁾ annast eftirlit með að jarðabætur séu unnar í samræmi við fyrirliggjandi áætlun og aðrar reglur sem gilda um slíkar framkvæmdir og annast úttekt þegar framkvæmd er lokið.

¹⁾ L. 129/2012, 2. gr.

III. kafli. Búfjárrækt.

■ **9. gr. Markmið.**

□ Markmið búfjárræktar er að tryggja framfarir í ræktun búfjár í þeim tilgangi að auka samkeppnishæfni íslensks búfjár og búfjárafurða. Búfjárræktin skal taka mið af skuldbindingum Íslendinga um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni.

■ **10. gr. Skýrsluhald.**

□ Bændasamtök Íslands skulu sjá um kynbótaskýrsluhald fyrir hverja búgrein og móta um það reglur ásamt fagráðum og bera ábyrgð á kynbótamati á grundvelli þess.

■ **11. gr. Ræktunarstöðvar.**

□ Hlutverk ræktunarstöðva fyrir búfé er að rækta með úrvali eða innflutningi erfðafnis þá eiginleika sem taldir eru eftirsóknarverðir. Ríkissjóður tekur þátt í stofnun og rekstri ræktunarstöðva samkvæmt samningi við Bændasamtök Íslands, sbr. 3. gr. laga þessara.

■ **12. gr. . . .**

¹⁾ L. 67/2005, 1. gr.

■ **13. gr. Búfjársýningar og búfjármat.**

□ Fagråd hvorrar búgreinar skal meta þörf fyrir kynbótadóma og sýningar búfjár í viðkomandi búgrein og gera til lögur til Bændasamtaka Íslands og viðkomandi aðildarféлага um dómstörf og sýningarhald.

□ Sláturleyfishöfum er skylt að láta í té aðstöðu til þess að framkvæma nauðsynlegar athuganir á afurðum, enda sé þeim gert viðvart um þær við gerð áætlana um slátrun í viðkomandi húsi.

■ **14. gr. Útflutningur búfjár.**

□ Útflutningur búfjár er heimill án sérstakra leyfa nema þegar um er að ræða úrvalskynbótagripi. [Ráðherra]¹⁾ skal með reglugerð setja nánari reglur þar um að fenginni umsögn viðkomandi fagráðs, m.a. um forkaupsrétt innlendra aðila. Þá getur hann sett skilyrði um ástand og meðferð búfjárins.

¹⁾ L. 126/2011, 273. gr.

■ **15. gr. Stofnverndarsjóður.**

□ Starfrækja skal sérstakan sjóð, stofnverndarsjóð, til þess að veita lán eða styrki til kaupa á sérstökum úrvalskynbótagripi sem annars kynnu að verða fluttir úr landi. Jafnframt má veita úr sjóðnum fé til þróunarverkefna í viðkomandi búgreinum. Sjóðnum skal skipt í deildir eftir búfjártegundum og fer fagråd með stjórn hlutaðeigandi deildar.

■ **16. gr. [Erfðanefnd landbúnaðarins.**

□ [Ráðherra]¹⁾ skipar sjö menn og jafnmarga til vara í erfðanefnd landbúnaðarins að fengnum tilnefningum frá Bændasamtökum Íslands, [Landbúnaðarháskóla Íslands, sem tilnefnir tvo menn],²⁾ [Skógræktinni],³⁾ [Hafrannsóknastofnun]⁴⁾ og Náttúrufræðistofnun Íslands. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn.

□ Helstu verkefni nefndarinnar eru:

a. að annast samráð innan lands um varðveislu erfðaaðlinda í landbúnaði,

b. að hvetja til rannsókna á sviði erfðaaðlinda í landbúnaði,

c. að stuðla að miðlun þekkingar um erfðaaðlindir og gildi þeirra, jafnt með kennslu sem upplýsingagjöf til almennings,

d. að veita hagsmunaaðilum og stjórnvöldum ráðgjöf um varðveislu og nýtingu erfðaaðlinda í landbúnaði,

e. að annast samskipti við erlenda aðila á þessu sviði í samstarfi við tengiliði Íslands hjá alþjóðastofnunum.

□ [Ráðherra]¹⁾ setur reglugerð þar sem nánar er kveðið á um verkefni nefndarinnar og nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar á ákvæðum þessarar greinar.⁵⁾

¹⁾ L. 126/2011, 273. gr. ²⁾ L. 79/2004, 5. gr. ³⁾ L. 60/2016, 13. gr. ⁴⁾ L. 113/2015, 3. gr. ⁵⁾ L. 53/2003, 1. gr.

IV. kafli. Um leiðbeiningarstarfsemi.

■ **17. gr. Markmið.**

□ Markmið leiðbeiningarþjónustu samkvæmt lögum þessum er að miðla upplýsingum til bænda og stuðla með því að bættum búskaparháttum og framförum í búskap, til hagsbóta og bættra líffskjara fyrir bændur og neytendur búvara. Hún skal á hverjum tíma afla og miðla bestu þekkingu og reynslu um alla þætti búrekstrar sem bændur leggja stund á, eftir því sem við verður komið.

□ Hlutverk leiðbeiningarþjónustunnar er að:

1. miðla líffræðilegri, tæknilegri og hagfræðilegri þekkingu til allra búgreina,

2. þróa hagfræðileg og búfræðileg hjálpartæki fyrir leiðbeiningarstarfsemi og fyrir einstaka bændur, svo sem með gerð hentugra tölvuforrita,

3. kynna fyrir þeim sem starfa að landbúnaði stefnumörkun stjórnvalda í málefnum landbúnaðarins og á öðrum sviðum er hann snerta, svo sem í landverndar- og umhverfismálum,

4. vera stjórnvöldum til aðstoðar við framkvæmd löggjafar eftir því sem við getur átt og um semst milli aðila,

5. stuðla bæði faglega og félagslega að þróun nýrra búgreina og fylgjast með árangri frumherja á því sviði,

6. stuðla að sjálfbærri þróun við nýtingu aðlinda,

7. vinna að eflingu búrekstrar í sveitum.

□ Leiðbeiningarþjónustan skal stuðla að því, eftir því sem hún hefur tök á, að búskapur þróist í samræmi við þá stefnu sem mörkuð er með samningum samtaka bænda við ríkisvaldið.

□ [Allir bændur eiga rétt á leiðbeiningarþjónustu samkvæmt lögum þessum.]¹⁾

¹⁾ L. 129/2012, 3. gr.

■ **18. gr. [Leiðbeiningar.**

□ Hjá leiðbeiningarmiðstöð starfa ráðunautar sem sinna faglegum leiðbeiningum fyrir bændur undir faglegri umsjón Bændasamtaka Íslands. Þeir annast eftirlit með búfjárrækt og kynbótum í þeim greinum sem lög þessi taka til. Þeir annast einnig eftirlit með jarðabótum og úttekt jarðabóta eftir því sem við á, sbr. 8. gr.

□ Ráðunautar skulu hafa lokið háskólaprófi í búvísindum eða öðrum fræðigreinum eftir því sem við getur átt eða hafa menntun og starfsreynslu sem stjórn Bændasamtaka Íslands metur jafngilda.

□ Landsráðunautar eða fagstjórar skulu starfa í einstökum búgreinum eða fagsviðum eftir því sem um er samið skv. 1. mgr. 3. gr. og fjárveiting heimilar. Þeir hafa yfirumsjón með leiðbeiningum, kynbótum og ræktun í viðkomandi búgrein.

□ Landsráðunautar eða fagstjórar skulu hafa lokið háskóla-prófi í búfræðum og hafa lokið sérnámi á sínu starfssviði eða hafa menntun og starfsreynslu sem stjórn Bændasamtaka Íslands metur jafngilda.]¹⁾

¹⁾ L. 129/2012, 4. gr.

V. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **19. gr.** *Reglur um framkvæmd laganna.*

□ [Ráðherra]¹⁾ setur með reglugerð²⁾ nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

¹⁾ L. 126/2011, 273. gr. ²⁾ Rg. 557/1998. Rg. 322/1999. Rg. 449/2002, sbr. 677/2002. Rg. 151/2005. Rg. 442/2011. Rg. 1123/2015. Rg. 540/2016. Rg. 878/2016.

■ **20. gr.** *Gildistaka.*

□ Lög þessi taka þegar gildi . . .

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Landbúnaðarráðherra er heimilt að leita eftir samningum við bændur um greiðslur á sérstökum framlögum vegna framkvæmda á lögbylum sem

teknar voru út og samþykktar af héraðsráðunautum á árunum 1992–97, en ákvæði laga þessara gilda um framkvæmdir sem hafa verið teknar út og samþykktar á árinu 1998. Um samninga við bændur verði eftirfarandi reglum fylgt:

a. Semja skal um greiðslu ákveðins hlutfalls af reiknuðu framlagi samkvæmt reglugerð nr. 417/1991. Heimilt er að greiða mishátt hlutfall eftir eðli framkvæmda, samkvæmt nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra.

b. Skýrt verði kveðið á um í samningum þessum að um sé að ræða fullnaðaruppgjör vegna framkvæmda sem gátu notið framlags samkvæmt lögum nr. 56/1987, með síðari breytingum, sbr. einnig reglugerð nr. 417/1991.

□ Ríkissjóður mun verja 50 millj. kr. hvert ár á fjárlögum árána 1998, 1999 og 2000 til efnda á samningum landbúnaðarráðherra og 35 millj. kr. á árunum 2001 og 2002 hvort ár.